

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2021  
UST202102-095/B.S.  
08.09.00

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Pharmarctica. Umsögn**

Vísað er til brés Skipulagsstofnunar dags. 4. Febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Pharmarctica hefur starfað á Greinivík frá árinu 2002. Í verksmiðjunni eru framleidd lyf, snyrtivörur og fæðubótaefni. Ætlunin er að fjölga framleiðsluvörum og þrefalda framleiðsluna á næstu þremur árum úr 120 tonnum í 360 tonn. Lyfjaframleiðsla er lítt hluti heildar framleiðslunnar.


Í greinargerð kemur fram að öll hráefni nýtist í afurðir. Fastur úrgangur er einungis umbúðir og enginn fljótandi úrgagnur verður til við framleiðsluna. Í frárennsli fer engin efnavara og engum efnum er hellt í niðurföll, Fyrndum og/eða ónýtum hráefnum og framleiðsluvörum er fargað á viðeigandi hátt hjá Terra Efnaeyðingu.

Hér er um að ræða vinnslu aðfluttra hráefna sem skilur eftir óverulegt magn af úrgangi sem verður fargað á viðeigandi hátt ef þörf krefur.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd starfsemi muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Greinargerðin er eins ítarlegt og nauðsynlegt er. Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Ísak Már Johannesson  
Sérfræðingur